

## GJALDSKRÁ fyrir Stjórnartíðindi.

### 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 15 10. mars 2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtinga-  
blað, eru gjöld fyrir efni sem birtist í Stjórnartíðindum hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir efni í B-deild allt að 2000 stafabilum sem sent er inn í gegnum auglýsingakerfi Stjórnartíðinda greiðist lágmarksgjald sem er 4.400 krónur. Fyrir hvert stafabil umfram fyrstu 2000 greiðist 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag.
2. Gjald fyrir birtingu efnis í C-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 4.000 fyrir hverja síðu.
3. Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé með hraðbirtingu skal greiða 80% álag á framangreint gjald.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu.

Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

### 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15 10. mars 2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtinga-  
blað, eru gjöld fyrir áskrift að prentaðri útgáfu Stjórnartíðinda sem hér segir:

A-deild kr. 60.000 á ári.

B-deild kr. 160.000 á ári.

C-deild kr. 60.000 á ári.

Verð einstakra prentaðra hefta er kr. 16.000.

Verð eldri árganga verður sem hér segir:

A-deild kr. 6.000 á ári.

B-deild kr. 16.000 á ári.

C-deild kr. 6.000 á ári.

Póstsending innanlands er innifalin í verði áskriftar, einstakra hefta og eldri árganga, en fyrir kostnað vegna póstsendingar til útlanda skal greiða sérstaklega.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 959 frá 8. nóvember 2005, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. desember 2007.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Eygló S. Halldórsdóttir.*